

Nd.

387. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á jörðinni Hliðarenda í Fljótshlíð.

Flutningsm. Klemens Jónsson.

Alþingi ályktar að gefa ríkisstjórninni heimild til þess að kaupa jörðina Hliðarenda í Fljótshlíð fyrir 12—14000 krónur.

Greinargerð.

Jörðin Hliðarenda í Fljótshlíð er ein hin frægasta og kunnasta jörð hjer á landi, einknm meðal útlendinga, og það svo, að þeir gera sjer sumir ferð hing- að eingöngu til þess að sjá hið nafnkunna heimili Gunnars. En vonbrigði þeirra hljóta að vera mikil, því hús jarðarinnar eru á engan hátt henni samboðin, og gisting þar lítt möguleg. Það þykir því vel við eigandi, að ríkið eignist jörðina og hýsi þar eftir sæmilega. Þingvalianefndin hefir líka lagt með því, að ríkið eignist jörðina. Eigandi jarðarinnar er fús á að selja jörðina, ef um semst.